

## Fundargerð stofnfundar foreldrafélagsins Suzukitónar

Fundur haldinn í Tónlistarskóla Árnessýslu (TÁ), Orff-salnum (Samfylkingarsalurinn)

18.febrúar 2019 kl. 17:45-18:50.

**Mættir voru:** Birna Sif Atladóttir, Silja Dröfn Sæmundsdóttir, Ingibjörg Jónsdóttir, Kolbrún Vilhjálmsdóttir, Ingunn Helgadóttir, Magnea Gunnarsdóttir, Sigríður Rós Sigurðardóttir, Unna Björg Ögmundsdóttir og Kjartan Björnsson.

Magnea setti fundinn, þakkaði fyrir góðar undirtektir og góða mætingu. Sagði frá ástæðum þess að félagið er stofnað, s.s. aukin þörf fyrir aðstoð við kennara við viðburði vegna stækkunar Suzuki-deildar TÁ.

Byrjað var að fara yfir **drög að lögum** sem Magnea lagði fram. Eftir stuttar umræður var einróma samþykkt nafnið „Foreldrafélagið Suzukitónar“, með vísun í skammstöfun TÁ (Tónar).

Markmið voru skráð og ákveðið að **allir foreldrar og forráðamenn verði sjálfkrafa félagsmenn**, nema þeir skrái sig sérstaklega úr félaginu. Aðalfundur yrði haldin í tengslum við fræðslufund TÁ fyrir suzuki-foreldra í október eða nóvember ár hvert.

**Félagsgjöld** voru ákvörðuð eftir miklar umræður. Niðurstaðan varð að þau yrðu 1500kr fyrir barn, en 500 kr systkinaafslátt fyrir hvert barn til viðbótar. Algengt er að systkini séu í suzukinámi, oft tvö, og þó nokkrir 3 barna systkinahópar.

**Skipun stjórnar** og skipting verkefna var ákveðin:

Formaður: Magnea Gunnarsdóttir

Gjaldkeri: Kolbrún Vilhjálmsdóttir

Ritari: Ingibjörg Jónsdóttir

Meðstjórnandi: Birna Sif Atladóttir

Meðstjórnandi: Sigríður Rós sigurðardóttir.

Varamenn: Unna Björg Ögmundsdóttir, Ingunn Helgadóttir, Magga, Guðrún.

**Lög félagsins** voru að lokum prentuð út og undirrituð af nýkjörnum stjórnarmeðlimum og tveimur varamönnum.

Kollu gjaldkera var falið að **skrá félagið og fá kennitölu**, svo hægt verði að stofna bankareikning. Hún samþykkti að taka á sig kostnaðinn af því, gegn því að það yrði endurgreitt þegar félagsgjöld berast á reikninginn.

Magneu formanni var, í samræmi við lögin, falið að **boða stjórnarfund** innan skamms.

Fundarritari: Ingibjörg Jónsdóttir